

4. Fundur Fagráðs umhverfismála - SSNE

Teams fundur, 25. 4. 2023

Mætt voru: Guðmundur Sigurðarson, Rut Jónsdóttir, Ottó Elíasson (formaður), Salbjörg Matthíasdóttir og Smári Jónas Lúðvíksson starfsmaður SSNE.

Fundurinn var haldinn á Teams milli kl. 10 og 12, þann 25. apríl 2023.

1. Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir hjá Símei, segja frá Loftum, fræðsluáætlun um umhverfis- og loftslagsmál miðuð að sveitarstjórnarfólki

Kristín Björk og Ingunn Helga komu á fundinn sem gestir og sögðu frá framgangi Loftum, áhersluverkefnis SSNE um fræðslugreiningu í umhverfis- og loftslagsmál. Greiningarvinna var gerð um um miðbik árs 2022, og send út var út könnun á sveitarstjórnarfólk, kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga og fólk beðið að meta fræðsluþörf sína í umhverfis- og loftslagsmálum.

Fræðslugreiningin var send á um 2600 manns (sérfræðingar, kjörnir fulltrúar, almennt starfsfólk), 540 svör (rífllega 20% svarhlutfall). Heilt yfir telur fólk sig þurfa umtalsvert meiri fræðslu, og sérílagi kalla kjörnir fulltrúar eftir meiri fræðslu og telja sig almennt hafa litla þekkingu. Kallað er eftir „alhliða fræðsluefni til að byggja upp þá grunnþekkingu til að það sé raunhæft að ætlast til að sveitarfélög nái árangri í umhverfismálum“.

Ýmsar áhugaverðar niðurstöður og tillögur um útfærslur á kennsluefni. Afar viðamikil starf framundan.

Ályktun: Fagráðið fagnar þessari vinnu, og hvatt er til þess að halda áfram vinnunni á breiðum grunni, en verkefninu verður framhaldið með áhersluverkefninu Loftum II sem er afar vel. Aðeins var rætt um hvernig forgangsraða skuli vinnu við smíði fræðsluefnis sem nú ver í hönd undir þeim hatti. Fagráðið vill koma því á framfæri því áliti sínu að ekki er endilega samhljómur á milli þess í hvaða flokkum ákallið um fræðslu er mest, og því af hvaða málaflokkum geti hlotist mestur umhverfisávinningur. Ennfremur vill fagráðið benda á að lagalegar skyldur eru eitt, en það að uppfylla þær varði ekki endilega leiðina að góðum árangri í umhverfis- og loftslagsmálum. Mjög oft þarf að ganga lengra.

2. Smári kynnir stuttlega áhersluverkefni SSNE sem tengjast umhverfismálum og samþykkt voru á nýafstöðnu ársþingi um miðjan apríl 2023.

Smári fer stuttlega yfir áhersluverkefni sem hafa umhverfistengingu. Þau eru:

- Sjálfbær ferðaþjónusta á Norðurlandi (er á ári tvö af þremur), hjá *Markaðsstofu Norðurlands*. Markmiðið að gera ferðaþjónustuna sjálfbærari.
- Loftum II, *Þekkingarnet Þingeyinga*. Framhald af fræðslugreiningu Loftum, smíði námsefnis.
- Spretthópar í umhverfis- og loftslagsmálum (Uppspretta), *SSNE*. Víðfemt, og opið, hugsað til að geta ýtt ýmsum verkefnum áfram sem komu uppúr spretthópavinnunni.
- Gull úr grasi, *Fjárfestingafélag Þingeyinga* og *Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga*, uppbygging grasköglaverksmiðju sem knúin er jarðhita.

- Undirbúningur fyrir svæðisskipulag NE, og svæðisáætlun í umhverfismálum, SSNE, sértæk stefnumótun í málaflokknum.
- Líforkuver í Eyjafirði, SSNE, vinna áfram til að selja öðrum að koma þessu af stað.

Ályktun: Fagráðið fagnar þessum verkefnum sem eru fjölbreytt og áhugaverð.

3. Karl Karlsson dýralæknir kemur inn á fund og segir frá breyttum áherslum í líforkuvers-verkefninu sem SSNE verkefnastýrir ásamt Vistorku

Karl sem kemur að líforkuvers-verkefninu gegnum SSNE, var fenginn til að halda utanum samtöl við hagaðila Frumhagkvæmnimat líforkuvers gerði ráð fyrir tveimur vinnslulínum á aukafurðum dýra, önnur fyrir áhættuúrgang og dýraleifar sem falla undir CAT1 og CAT2, hin fyrir lífrænan úrgang sem fellur undir CAT3. Frumhagkvæmnimatið gerði einnig ráð fyrir fleiri vinnslueiningum, s.s. metanvinnslu. Búið er að áfangaskipta verkefninu og áhersla lögð á að koma upp vinnslulínu fyrir úrgang sem fellur undir CAT1 og CAT2 (dýrahæ og áhættuúrgang frá afurðastöðvum). Enginn löglegur farvegur er nú í landinu fyrir þennan úrgang, fyrir utan Kölku á Reykjanesinu. Dýrahæ eru urðuð ólöglega um allt land og ríður á að koma upp sem fyrst löglegri söfnun og meðhöndlun á þessum úrgangi. Reynsla nágrannalandanna sýnir að brennsla sé ekki besta lausnin fyrir þessa gerð úrgangs, enda er hann mjög blautur og krefst mikillar orku að brenna hann. Nú er forgangurinn að koma upp vinnslu fyrir óhreinara dýraafurðir, sem eru í áhættuflokki 1 og 2 (undir það falla dýrahæ og sláturúrgangur sem nú á að fara í Kölku). Um allt land er pottur brotinn í þessum efnum og þessi úrgangur er víða urðaður ólöglega.

Markmiðið er nú að vinna verkefnið í sátt við helstu hagaðila á svæðinu og víðar, og horfa til þess að þessi vinnsla á áhættuúrgangi geti annað öllu landinu. Ætlunin er að meta nákvæmlega magntölur um þennan áhættuúrgang fyrir svæðið og jafnvel landið allt. Vinnslan mun skila af sér fitu (sem t.d. má nýta í lífdísilframleiðslu) og kjötmjöl. Þetta kjötmjöl er gott brensluefni, en er áhættuúrgangur og má ekki nýta sem áburðarefni. Vinnsla af þessu tagi er vel þekkt og hilluvara í Evrópu og ekki fleiri en ein slík vinnslulína fyrir CAT1 úrgang í nágrannalöndum okkar, fyrir utan Noreg þar sem eru tvær línur.

Ályktun: Fagráð umhverfismála fagnar því að enn er mikill skriður á málinu. Það er gríðarmikil þörf á því að vinnsla af þessu tagi verði reist á landinu og er Norðurland ákjósanlegur staður fyrir slíka vinnslu. Brýnt er að losa landið úr snöru nýlegs dóms EFTA dómstóls um vanefndir Íslands í viðunandi meðferð á aukafurðum dýra (sjá:

<https://eftacourt.int/download/3-22-judgment/?wpdmdl=8091>). Lesa má nýtt minnisblað um málið frá Stefáni Gíslasyni hér, <https://www.environment.is/wp-content/uploads/2023/03/Minnisblad-dyrareifar-Environice-230310.pdf>.

Með því að koma upp þessari vinnslu opnast miklir möguleikar á atvinnuuppbyggingu t.d. með frekari vinnslu á fitu, lífgasvinnslu (metanframleiðsla), og framleiðslu á lífrænum áburðarefnum. Hringrásarhagkerfið gæti þannig holdgerst á iðnaðarskala í Líforkugörðum.

4. Orkuskiptaverkefni á Norðurlandi eystra, tillögur til stjórnar SSNE fyrir UOL ráðuneyti.

Smári fór þess á leit við fagráðið sem starfsmaður SSNE að leggja fram nokkrar hugmyndir að loftslagstengdum verkefnum, sem hafa áherslu á orkuskipti. Þessar hugmyndir verða svo

unnar frekar innan SSNE og lagðar fram sem möguleg áhersluverkefni sem ráðuneyti UOL ætlar að styrkja gegnum sóknaráætlun.

- *Framleiðsla á HVO lífdísilólíu (vetnismeðhöndluð lífdísilólía).* Orkey er nú til sölu, og fyrsti fasi Líforkuvers er í vinnslu. Þetta er t.d. möguleiki sem hægt að beina bændum að.
- *Framleiðsla á metangasi fyrir samgöngur.* Metanvinnslu var lýst í frumhagkvæmnimati Líforkuvers. Nú er útlit fyrir að metanvinnslan úr Glerárhaugum fari dalandi svo þörf er þegar farin að skapast fyrir stöðuga metanframleiðslu. Þá er kjörið að vinna þetta samhliða fyrsta fasa Líforkuvers.
- *Díselolía úr dekkjum.* Fyrirtækið JTC Consulting skoðar nú að setja upp endurvinnslulínu á gúmmídekkjum og breyta þeim í díselolíu. Það verkefni hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði SSNE, og mætti skoða frekari stuðning við það.
- *Rafvæðing demantshringsins.* Hér á Norðurlandi eystra væri rafvæðing Demantshringsins og uppbygging hleðsluinnviða fyrir fólksbíla þjódþrifaverk fyrir framgang orkuskipta á svæðinu. Með þessu áhersluverkefni, viljum við draga að borðinu alla þá aðila sem þarf til að hraða þessu ferli og koma því til framkvæmda.
- *Rafhleðsla fyrir stóra flutningabíla og rútur.* Nú þegar eru fyrstu raftrúkkarnir komnir til landsins, en uppbygging innviða fyrir þessa trucka (t.d. hleðslustöðvar sem anna hleðslu stórra bíla hratt) skammta á veg komin. Leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur er mikið keyrð, og hagsmunamál fyrir svæðið að koma þessum málum örugglega af stað.
- *Eldsneytismál skipaflotans.* Stærsti einstaki geirinn þegar kemur að bruna jarðefnaeldsneytis á svæðinu, er skipaflotinn, bæði fiskiskip og flutningaskip. Tryggja þarf að landshlutinn sé með þeim fremstu í þessari uppbyggingu og nauðsynlegri þróunarvinnu.

5. Önnur mál.

Ottó greinir frá því að hann óski eftir því að hætta sem formaður ráðsins. Hann er tilbúinn til að sitja áfram í ráðinu sem meðlimur eða til vara, sé þess áfram óskað af hálfu SSNE.